

**54. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
20. febrúar 2017 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Björn Guðmundsson varamaður, Björgvin K Þorvaldsson varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1702146 - Heildarskipulag grænna svæða á Akranesi**

Sindri Birgisson kynnir framkvæmdaáætlun umhverfisstjóra fyrir árið 2017.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra Birgissyni fyrir kynninguna og fagnar framkominni áætlun sem fellur vel að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sviðsins fyrir árið 2017.*

**2. 1602232 - Stofnanalóðir**

Sindri Birgisson kynnir framkvæmdaáætlun umhverfisstjóra fyrir árið 2017.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra Birgissyni fyrir kynninguna og fagnar framkominni áætlun sem fellur vel að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sviðsins fyrir árið 2017.*

**3. 1701349 - Leiksvæði - leikvellir**

Sindri Birgisson kynnir framkvæmdaáætlun umhverfisstjóra fyrir árið 2017.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra Birgissyni fyrir kynninguna og fagnar framkominni áætlun sem fellur vel að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sviðsins fyrir árið 2017.*

**4. 1610021 - Garðbekkir á Akranesi**

Mótun stefnu um garðbekki á Akranesi.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra Birgissyni fyrir kynninguna og samþykkir að gerð verði heildstæð stefnumótun um garðbekki á Akranesi.*

**5. 1612033 - Jörundarholt 174 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Sótt er um leyfi fyrir rekstri sjúkrabjálfunnar í kjallara húss við Jörundarholt 174. Lóðin er utan deiliskipulagssvæðis.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslag nr. 123/201, fyrir eigendum fasteigna við Jörundarholt 164, 166, 168, 170, 172, 176, 178 og 180.*

EB  
SØH

## 6. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017

Framkvæmda- og fjárfestingaáætlun 2017 - 2020

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð eftirfarandi breytingar á framkvæmda- og fjárfestingaráætlun 2017:*

*Jaðarsbakkar, laug*

*Við verk hefur bæst vaktkerfi (myndavélakerfi), skápar í búningsklefa, loftun vegna örryggismála í kjallara, aukin lýsing á sundlaugarsvæði o.fl. Aukning í fjárfestingu 15 millj.kr og lækkun í gjaldfærslu um 5 millj.kr.*

*Bátaskýli byggðasafn:*

*Fyrir liggur skv. leiðbeiningu frá endurskoðanda Akraneskaupstaðar að eignfæra eigi vinnu (m.vsk) starfsmanna Akraneskaupstaðar og byggðasafn vegna byggingar bátaskýlis. Sú vinna (án vsk) er síðan tekjfærð rekstrarmegin.*

*Nettóáhrif eru 16 millj.kr aukalega í fjárfestingu en 10 millj.kr í tekjur rekstrarmegin (gjaldfærsla).*

*Breið útvistarsvæði:*

*Verkefni frá 2016 sem færist yfir til ársins 2017. Verið að koma fyrir aðstöðu vegna umsjónarmanns vita og salernisaðstöðu.*

*Líkt og áður er vinna (m.vsk) starfsmanna Akraneskaupstaðar eignfærð annarsvegar og tekjfærð (án.vsk) hinsvegar á rekstur (gjaldfærsla).*

*Nettóáhrif eru 12 millj.kr aukalega í fjárfestingu og 5 millj.kr í tekjur rekstrarmegin.*

*Gróðurhús við fjöliðju:*

*Verið er að klára gróðurhús við fjöliðju. Um að ræða hitalögn, stýringar á hita og rakastigi, glugga og hurðir. Viðbótarfjárfesting er 3 millj.kr.*

## 7. 1611077 - Framtíðaruppbýgging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi

Minnisblað vegna fimleikahúss.

*Lagt fram minnisblað sviðsstjóra um málið.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að horft verði til uppbýggingar á fimleikahúsi við hlið núverandi íþróttahúss við Vesturgötu.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur jafnframt sviðsstjóra að klappir undir væntanlegt fimleikahús verði kannaðar nánar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.*

*Björn Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu á þessum dagskrárið. Hefði kosið að sjá þessa uppbýggingu á Jaðarsbökkum.*

*Karitas Jónsdóttir tekur undir sjónarmið Björns Guðmundssonar varðandi staðsetningu á fimleikahúsi.*

*EB*

## 8. 1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017

Farið yfir svæði og úthlutunarreglur fyrir árið 2017.

*Farið var yfir hugmyndir um svæði sem notið gætu styrkveitingar.*

*SBH*

**9. 1607033 - Vesturgata - yfirlögn á götu**

Tilboð í verkið.

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

D.Inl.Verk kr. 273.774.480

Gleipnir verktakar kr. 194.283.090

Þróttur ehf. kr. 198.890.349

Skóflan hf. kr. 189.899.899

Verkkaupar eru Akraneskaupstaður, Veitur ohf. og Mila.

Lægstdbjóðandi er Skóflan hf, hlutur Akraneskaupstaðar í tilboðsfjárhæð er kr. 115.224.316.

Sviðsstjóra falið að ganga til samninga við lægstdbjóðanda ásamt forsvarsmönnum Veitna ohf. og Mílu ehf.

**10. 1702129 - Deilisk. Skógarhverfi 1. áf. - Seljuskógar 6-8**

Umsókn um að breyta deiliskipulagi á lóðum við Seljuskóga 6 og 8 og heimila kjallara undir hluta hússins. Beiðni um grenndarkynningu.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynna skal fyrir fasteignaeigendum við Seljuskóga 7, Eikarskóga 1,3,5 og 7.*

**11. 1701169 - Baugalundur 1,3,5,7,9 og 11 - umsókn um byggingarlóðir**

Beiðni Sjamma ehf. um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga.

*Málið kynnt. Sviðsstjóra falið að yfirfara málið frekar með skipulagshöfundi svæðisins.*

**12. 1701339 - Ægisbraut 11A - eigaskiptayfirlýsing**

Endurnýjun lóðarleigusamnings vegna eignaskiptayfirlýsingar.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að framlengja samninginn um 20 ár.*

**13. 1702079 - Vogabraut 42 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að framlengja samninginn í 50 ár.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Einar Þorðarson  
Sleðan fólkalegan  
Kanitas fónsdóttir

Björn Guðmundsson

Björn Guðmundsson  
Björn Guðmundsson

Sig. P. H  
Sigríður Sigurðardóttir